

Starfsáætlun leikskólans Álfabergs

2014 – 2015

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.4 Matsáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans.....	5
2.2 Húsnæði og lóð.....	6
2.3 Ytra mat.....	6
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	7
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	7
4. Starfsmannamál	8
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	8
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	8
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	8
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	8
5. Aðrar upplýsingar	10
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	10
5.2 Foreldrasamvinna.....	10
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	11
5.4 Almennar upplýsingar	11
5.5 Áætlanir	11
Fylgirit.....	12
• Matsgögn.....	12
• Leikskóladagatal	12
• Umsögn foreldraráðs.....	12
• Annað	12

1. Inngangur

Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.

Það sem einkenndi skólaárið var einna helst að dagskipulag og lotuvinna eru komin í fastar skorður og starfsmannahópurinn öðlast meira öryggi með hverjum mánuðinum sem líður. Starfsmannahald var stöðugt framan af skólaárinu en nokkrar breytingar urðu um áramót og fram eftir sumri. Því miður hefur ekki fjölgað nægilega í faghópi leikskólans. Í starfsmannaviðtölum kom fram starfsánægja og ánægja með þróun á faglegu starfi. Einnig voru starfsmenn ánægðir með þá símenntun sem boðið er upp á. Á vegum Hafnarfjarðarbæjar var lögð fyrir foreldrakönnun og voru niðurstöður hennar mjög góðar. Nokkrar ábendingar komu varðandi starf leikskólans og var gerð úrbótaáætlun sem unnið er eftir en hana má finna á heimasíðu leikskólans sem og niðurstöður könnunarinnar í heild. Helstu verkefni skólaársins voru að þróa enn frekar lotuvinnu. Í leikskólanum var stór hópur sérkennslubarna og tvítyngd börn. Lögðu starfsmenn sig fram við að mæta þeirra þörfum. Unnið var að því að hver deild hafi sjónrænt dagskipulag, allir kennarar eru með boðskiptahálsmen og leitast er við að styrkja starfsmenn í að vinna markvisst með málörvun og snemmtæka íhlutun. Mörg áhugaverð verkefni voru unnin á árinu í lotunum okkar. Elstu börn leikskólans tóku þátt í samvinnuverkefni við Hrafnistu en þar áttu þau vinadeild sem þau heimsóttu einu sinni í viku. Unnið var að margvíslegum verkefnum með heimilisfólkinu en heimsóknin var þeim dýrmæt og skemmtileg. Leikskólinn tók þátt í Björtum dögum eins og áður og sýndum við verkin okkar í Súfistanum.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.4 Matsáætlun

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta?

Áætlað er að á komandi skólaári verði foreldrasamskipti metin. Leikskólinn leggur áherslu á að þau séu til fyrirmyndar og að leitað sé eftir upplýsingum og áliti foreldra. Við teljum mikilvægt að meta aftur lotuvinnuna okkar sem er í sífelldri þróun og leitað verður til starfsmanna. Leitað verður til barnanna okkar til að fá enn frekar fram hugmyndir þeirra um leikskólastarfið.

- Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)?

Stefnt er á að meta þessa þætti á 2 starfsmannafundum. Vinna að úrbótaáætlun út frá því mati og leggja það síðan fyrir á næsta starfsmannafundi þar á eftir. Stjórnendur stefna á að útbúa spurningalista sem sendur verði foreldrum einu sinni á skólaárinu til þess að meta foreldrasamskiptin. Í umræðum erum við stöðugt að meta starfið okkar, t.d. á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Nauðsynlegt er að halda skrá utan um það sem rætt er til að fylgjast með þróuninni sem á sér stað innan leikskólans. Mikilvægt er því að halda góðar fundagerðir og er það markmið okkar að gera þar enn betur á komandi skólaári.

- Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta.

Stjórnendur útbúa matslista fyrir starfsmannahópinn. Einnig spurningalista sem sendur verður til foreldra. Útbúa þarf ákveðnar spurningar sem lagðar eru fyrir börnin.

- Hverjir munu taka þátt í matinu?

Allir starfsmenn munu koma að matinu, foreldrar og börn.

2.1 Innra mat leikskólans

- Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir? (ath. að það þarf að meta allt starf leikskólans á 5 ára fresti).
- Hvað var metið t.d. hópastarf, samverustundir, matmálstímar, útivera, o.s.frv.

Margir þættir starfsins voru metnir síðasta skólaár eins og önnur. Dagskipulag var metið reglulega yfir veturinn og var það gert á starfsmannafundum og tók þá allt starfsfólk þátt. Á deildarstjórafundum fór reglulega fram óformlegt mat á starfinu í samvinnu við stjórnendur. Lotur og hópastarf var metið á sama hátt. Einn starfsmannafundur var tekinn sérstaklega fyrir innra mat á ákveðnum þáttum. Þar mat allt starfsfólk efirfarandi þætti:

Starfsánægja.

Umhverfi og efniviður.

Dagskipulag.

SMT-skólafærni.

Lotur.

Matið fór þannig fram að starfsfólk kom með hugmyndir sínar um þessa þætti starfsins og athugasemdir um það sem betur mætti fara. Einnig voru dregnir fram þættir sem starfsmenn voru ánægðir með. Ekki voru notuð formleg matsgögn heldur útbjuggu stjórnendur matið. Í starfsmannasamtölum er leitað eftir athugasemdum frá starfsfólki um hvar við þurfum að gera betur í starfi, hvernig upplýsingaflæði er og samskipti við samstarfsfólk, foreldra og börn. Einnig er leitað eftir líðan og starfsánægju sem og áhugasviði og markmiðum varðandi símenntun. Í júní var leitað eftir hugmyndum barnanna um skólastarfið og voru þau spurð nokkurra spurninga, t.d. hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum, hvernig er góður leikskóli, hvar líður þér vel í leikskólanum, o.s.frv. Þetta var í fyrsta skipti sem formlegt mat leikskólabarnanna fór fram og mun það verða fastur liður framvegis í innra mati okkar á komandi árum. Ekki hefur náðst að vinna úr þessu mati en mun það vera gert í ágúst.

- Hverjar voru helstu niðurstöður matsins.

Helstu niðurstöður síðasta árs úr starfsmannasamtölum voru þær að almenn starfsánægja ríkir meðal starfsmanna. Ábendingar komu fram um að almenn umgengni og um efnivið mætti vera betri. Einnig að skipulag eftir klukkan 16.00 væri tilbúið strax að morgni og að eftir því væri farið eftir fremsta megni. Ábendingar um að salernisaðstaða mætti vera betri fyrir starfsfólk voru nokkrar. Samskipti milli starfsmanna, deilda og við börn voru rædd og alltaf er hægt að gera betur á þeim vettvangi þrátt fyrir að starfsmenn væru ánægðir með þessa þætti. Starfsmenn óska eftir meiri fræðslu um SMT og stuðning í starfi til þess að nota það enn markvissara. Allir voru sammála um að starfsmenn geti komið skoðunum og ábendingum á framfæri.

- Umbætur út frá niðurstöðum mats.

Starfsfólk kom með mjög góðar hugmyndir að úrbótum sem stjórnendur munu greina og forgangsraða í ágúst 2014 fyrir komandi skólaár.

2.2 Húsnæði og lóð

- Hver lagði mat á húsnæði og lóð og helstu niðurstöður þess, samanber fylgiskjöl.

Í júní 2013 er úttekt gerð á útisvæði af BSI, **sjá fylgiskjal 1.**

Í júlí 2014 er úttekt gerð á útisvæði af Svanlaugi, Bödda og Guðjóni frá Þjónustumiðstöðinni, **sjá fylgiskjal 2.**

Í maí 2014 kom Svanlaugur til okkar og fór yfir það sem þarf að gera inni hjá okkur og utan leikskólans og forgangsraðaði. Yfirlit yfir það sem á að gera liggur ekki enn fyrir og því engin fylgiskjöl með að þessu sinni. Rætt var m.a. um að gera hlið í fataklefa, setja snjóbræðslu í gangstíg að leikskólanum, o.fl.

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár (síðast 2013) og starfsmannakönnun er áætluð árið á móti sem mannauðsstjóri Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á). Einnig má huga að því í

matinu hvort að menntamálaráðuneytis eða annarra aðila hafi gert mat á síðasta ári og ef svo er þarf að koma fram:

- Hver gerði matið?

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar.

- Hver var tilgangurinn?

Meta skólastarfið út frá sjónarhorni foreldra og fá fram upplifun þeirra.

- Matsaðferð.

Rafrænn spurningalisti sendur til foreldra.

- Helstu niðurstöður .

Almenn ánægja kom fram hjá foreldrum og var leikskólinn þakklátur fyrir góðar ábendingar sem komu fram.

- Umbætur út frá niðurstöðum ytra mats.

Sjá fylgiskjal 3.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. Þróunarverkefni.

- Snemmtæk íhlutun. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu starfsmanna á snemmtækri íhlutun og þróa stefnu leikskólans hvað þann þátt varðar. Allt starfsfólk fær fræðslu um fagefni sem tengist verkefninu sem og handleiðslu. Myndrænt skipulag verður sett upp á öllum deildum leikskólans og kennt á það og að allir starfsmenn fái og noti boðskiptahálsmen. Notaðar verða skráningar til að mæla árangur og endurmeta markmið. Markmið verða aldursskipt. Ábyrgðaraðilar eru Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, Linda Björk Halldórsdóttir og Jóhanna Jensdóttir. Áætlað er að verkefnið standi yfir allt skólaárið.

2. Vinna enn betur að stærðfræðilotu og lífsleiknilotu þannig að starfsmenn verði öruggari í starfi. Ábyrgðaraðilar eru stjórnendateymi leikskólans.

3. SMT – skólafærni. Mikilvægt að rifja upp verkfærin þannig að allir séu meðvitaðir um að nýta þau rétt. Ábyrgðaraðilar eru þeir sem sitja í SMT teymi skólans.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar	7	6,7 stöðugildi	Leikskólakennarar
Leikskólaleiðbeinandi A	2	7,85 stöðugildi	Félagsfræði og grunnskólakennarafræði
Leikskólaleiðbeinandi B	1	1,0 stöðugildi	Arkitekt
Þroskaþjálfar	2	1,8	Þroskaþjálfarafræði
Leiðbeinendur	18	17,38	Grunnskólapróf eða stúdentspróf.

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl 2014 og sáu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri um að taka viðtölin. Almenn starfsánægja kom fram í viðtölunum sem og góðar ábendingar um það sem betur má fara í starfinu.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.).

Allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í símenntun á síðastliðnu skólaári með einum eða öðrum hætti. Námskeið á vegum Skólaskrifstofu voru vel sótt og starfsmenn innan leikskólans héldu fyrirlestra fyrir allan starfsmannahópinn. Leikskólinn stóð fyrir skyndihjálparnámskeiði á vegum Herdísar Storgaard og haldið var áfram að styrkja starfsmannahópinn í að vinna með SMT. Þroskaþjálfari, sérkennslustjóri og leiðbeinandi sóttu námskeið í skipulögðum vinnubrögðum og atferlisíhlutun vegna barna með einhverfu.

- Meirihluti starfsmanna fór saman til Stokkhólms í maí og heimsótti þar leikskóla og safn. Ferðin heppnaðist í alla staði frábærlega og gaf hópnum nýjar hugmyndir fyrir starfið.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).
Megin áhersla á símenntun fyrir allan starfsmannahópinn tengist þróunarverkefni okkar í snemmtækri íhlutun og læsi. Ásthildur Bj. Snorradóttir mun vera okkur innan handar með fræðslu á starfsamannafundum og/eða skipulagsdögum. Við munum einnig fá námskeið í notkun iPad í skólastarfinu og K-pals fyrir alla starfsmenn. Tveir til þrjú leikskólakennarar hafa skráð sig á námskeið til að öðlast réttindi til að leggja fyrir Hljóm, Íslenska þroskalistann og Smábarnalistann. Starfsmenn leikskólans munu sækja námskeið sem Skólaskrifstofa býður upp á sem og Kraganámskeið enda hefur verið almenn ánægja með þau námskeið. Á

haustdögum stendur til að fá fyrirlestur á vegum Hagvangs um orkustjórnun. Myndum við vilja fá slíkan fyrirlestur aftur haustið 2015 þar sem við teljum mikilvægt að byggja áfram upp liðsheild, ræða um mikilvægi þess að hver starfsmaður er mikilvægur hlekkur í keðjunni, að við þurfum kraft í vinnunni og að það sé eftirsóknarvert að mæta til vinnu á hverjum degi. Í starfsmannasamtölum kom fram að starfsmenn óski eftir meiri stuðningi við notkun á SMT verkfærunum okkar. Ósk okkar er sú að fá Elísu verkefnastjóra til okkar til að rifja upp með hópnum undirstöðu atriði SMT. Einnig að fara vel yfir hvernig við notum MÖRK. Mikilvægt er að a.m.k. deildarstjórar sækji námskeið í Numicon kubbum þar sem efniviðurinn er mikilvægur í okkar starfi tengt stærðfræðilotum. Við þurfum að byggja upp þekkingu innan leikskólans tengt einhverfu og markmiðið er að senda 2 leikskólakennara á grunnnámskeið um einhverfu og námskeið í atferlisþjálfun fáist nægt fjármagn.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum.
 - * 94.
- Kynjahlutfall.
 - * 40 Stúlkur og 54 drengir.
- Dvalarstundir.
 - * 766,3
- Deildargildi.
 - * 1.073
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki.
 - * 9 börn.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað).
 - * 40 börn.
- Fjöldi barna með ofnæmi eða fæðuóþol.
 - * 14
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku.
 - * 23 börn.
- Fjöldi tungumála.
 - * 11
- Þjóðerni forsjáraðila (fjöldi Pólverja, Spánverja, o.s.frv.).
 - * Pólland – 11
 - * Litháen – 2
 - * Rúmenía – 1
 - * Lettland – 1
 - * Kólumbía – 1
 - * Úkraína – 1
 - * Bretland – 1
 - * Kína – 1
 - * Portúgal – 1
 - * Venezúela - 1

5.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins).
 - * Í foreldraráði eru 3 fulltrúar sem buðu sig fram til starfsins fyrir tveimur árum á meðan stækkun fór fram. Haustið 2014 verða nýir fulltrúar kosnir. Leikskólastjóri situr fundi með foreldraráði.

- Foreldrafundur (dagsetningar, fyrirkomulag).
 - * Foreldrafundur var haldinn í september 2013 og var skólaárið þar kynnt foreldrum. Einnig komu fulltrúar frá Skólamat á fundinn og kynntu starf sitt og stefnu. Um 40 foreldrar komu á þennan fund.
- Foreldrasamtöl (fyrirkomulag, tímabil).
 - * Boðið er upp á foreldrasamtöl í kringum afmælisdag barnsins. Viðtölin eru fleiri yfir árið ef þörf er á. Hópstjóri eða deildarstjóri boða foreldra í samtölin.
- Foreldrafélag.
 - * Í foreldrafélaginu eru 4 fulltrúar foreldra og hittir leikskólastjóri þá u.þ.b. 4 sinnum á ári og oftár ef þörf er á. Foreldrafélagið hefur komið að skipulagi á öskudegi, sumarhátíð, o.fl. Kjósa þarf nýja fulltrúa að hausti 2014.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins. Kennarar leik- og grunnskólans hittast í ágúst og setja niður skipulag vetrarins. Við erum bæði í sérstöku samstarfi innanhúss en einnig með 1. bekkjunum og leikskólanum Norðurbergi. Það sem hefur þróast í samstarfinu við grunnskólann og Norðuberg er, ljósaganga tengt degi eineltis í nóvember, samstarf tengt degi leikskólans og degi íslenskrar tungu, við förum í heimsókn á Norðurberg og heimsóknir í 1. bekk grunnskólans að vori.
- Samstarfsverkefni ef einhver eru. Innanhúss höfum við á Álfabergi unnið með 1. bekkjum í hringekju. Síðast liðið ár var því háttað þannig að þau hittust í u.þ.b. einu sinni í viku í 10 vikur í senn þar sem unnið var á stöðvum þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni, m.a. í stærðfræði og íslensku, útiveru o.s.frv. Á degi leikskólans, 6. febrúar ár hvert koma grunnskólanemendur til okkar og þá er komið saman í samveru og allir fara á valfund og síðan er leikið saman. Á degi íslenskrar tungu koma grunnskólabörn úr 4. bekk til okkar og lesa fyrir eina til tvær deildir. Leikskólinn hefur sameinast leikskólanum Norðurbergi og grunnskólanum í ljósagöngu sem farin var á degi eineltis. Gengið var um nærumhverfið okkar með luktir og vasaljós og var foreldrum boðið með. Leikskólanum er einnig boðið á samverustund hjá 1. bekk sem haldin er að morgni og þá sýna grunnskólabörnin atriði. Einnig er okkur boðið að koma á Helgileik fyrir jólin í Víðistaðakirkju. Bókasafnsfræðingur grunnskólans tekur á móti okkur og kynnir bókasafnið og les fyrir okkur sögu. Leikskólabörnin hafa einnig hitt grunnskólabörnin á skólalóðinni og farið með þeim í leiki.
- Áframhaldandi samstarf verður á komandi skólaári og er í stöðugri þróun. Áætlun liggur ekki fyrir þegar þessi starfsáætlun er sett fram. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttasal, bókasafni, tölvustofu og heimilisfræðistofu í grunnskólanum.

5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar (dagsetningar og upplýsingar um hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og skipulagsdagar í grunnskólum).
 - * Skóladagatal leikskólans er óbreytt frá því sem skólaskrifstofa gaf út. **Sjá fylgiskjal 4.**

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:

- einelti – er í vinnslu.
- ofbeldi – er í vinnslu.
- Annað.
- Viðbragðsáætlun við.
 - Slysum – er á neti.
 - áföllum – er á neti.
 - Annað.
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun – er á neti.
 - Vinnuverndaráætlun – er til en ekki komin á net, þarf að skoða betur.
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna). Ekki komið á net en er til og þarf að endurmeta.
- Jafnréttisáætlun – er á neti en þarf að endurmeta og skila 1. október 2014

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði, 1. september 2014.

Lilja Kolbrún Steinþórdóttir, leikskólastjóri.